

LEIÐARVÍSIR ÍSALP:

No 3: SNÆFELLSJÖKULL

YFIRLIT:

Snæfellsjökull hefur lengi verið eitt af þekktari fjöllum landsins. Hann er hæsta fjall, sem sést frá Reykjavík, 1446 m y. sjó. Jökullinn er gömul eldkeila, mjög regluleg að lögun. Fyrst var gengið á Snæfellsjökul, að talið er, þ. 1. júlí árið 1754. Voru þar Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson á ferð. Segir í ferðabók þeirra, að jökullinn sé „talinn vera hæsta fjall á Íslandi.“ Frægð Snæfellsjökuls hefur borist víða, eiga rithöfundar eins og Jules Verne og Halldór Laxness drjúgan þátt í því.

Helstu kennileiti á Snæfellsjökli:

Norðvestan í kolli Snæfellsjökuls eru leifar af gígskál. Hæsti hluti jökulsins er suður- og austurbarmur skálarinnar. Ber þar hæst jökulþúfurnar þrjár: Syðst og vestust er Vesturþúfa, 1442 m. Er veggbratt af þúfunni niður í gígin, en aflíðandi til annarra átta. Nokkrir norðar og austar rís Miðþúfa, 1446 m, hæsti tindur jökulsins. Er þúfan raunar klettadrangur, torfært upp á hana nema að norðan og sunnan. Norðurþúfa, 1390 m, er stutt norðan og austan Miðþúfu, strýta, sem lætur ekki mikið yfir sér.


Austan í jöklinum gægjast nokkrir hnúkar upp úr frer anum. Kallast þeir Þríhyrningar, hæst 1191 m y. sjó.

Í björtu veðri er geysivíðsýnt af Snæfellsjökli. Næst manni blásir Snæfellsnesfjallgarður við, handan Breiðafjarðar er Vestfjarðahálendið, en í austri má sjá jökla á miðhálandi Íslands.

Á Jökulhálsi, fast austan Snæfellsjökuls, er skáli, sem Ferðafélag Íslands á. Skálinn stendur í um 800 m hæð, á barmi gamals eldvarps. Skálinn er mjög illa farinn af raka og tæpast nothæfur nema sem neyðarskýli. Nú eru þó uppi áætlanir um viðgerð á skálanum. Jeppaslóð liggur upp á Jökulháls sunnan frá, upp hjá skálanum, sem stendur nokkuð vestan slóðarinnar. Slóð þessi verður sjaldnast fær fyrr en seinni part sumars.

Víða er hægt að tjalda við rætur Snæfellsjökuls. Einna þekktast er tjaldstæði milli Stapafells og Botnsfjalls, rétt ofan Þjóðvegarsins í Breiðuvík. Einnig er gott tjaldstæði við upptök Dagverðarár, sjá leið No 5.

Þegar ganga skal á Snæfellsjökul, er ráðlegt að taka daginn snemma. Helst skal leggja upp ekki seinna en kl. 4-6 að morgni.



Snæfellsjökull og nágrenni - yfirlitskort

Er það m.a. vegna þess að jökullinn dregur oft ský upp á sig um og upp úr hádegis. Einnig má búast við betra gangfæri í næturkulinu.

Best er að ganga á Snæfellsjökul að vorlagi og fyrri part sumars, meðan lítið er um opnar sprungur á jöklinum, hájökullinn verður oft töluvert sprunginn, er líður á sumarið.

Jöklalína er sjálfsagt öryggistæki, þegar gengið er á Snæfellsjökul. Ísöxi og mannbroddar eru einnig æskileg, ekki síst að vetrarlagi.

Besta kort af Snæfellsjökli er „Atlasblað“ No 5 - Snæfellsjökull, kvarði 1:100.000, frá Landmælingum Íslands. Einnig má nefna „Aðalkort“ No 2, 1:250.000, frá sama.

Af bókum um svæðið er helst að nefna árbók F.Í. 1932. Einnig er skemmtilegur kafli um jökulinn í Ferðabók Eggerts og Bjarna.

EINSTAKAR LEIÐIR:

No 1: Stapafellsleið: Mest farna leiðin á Snæfellsjökul í dag. Gengið er upp norðan Stapafells við Breiðuvík, austan á jökulinn. Leiðin má teljast ein sú öruggasta og auðveldasta á Snæfellsjökul. Ákjósanleg á vorin sem skíðaleið.

Lofthlína: 6-7 km.

Lóðrétt hækkun: 1350 m.

Áætlaður göngutími (upp á Miðpúfu): 3-4 klst.

Gengið er upp frá Þjóðveginum norðan í Stapafelli og stefnt til NV milli Stapafells og Botnsfjalls. Sér brátt til jökulsins, og skal stefna áleiðis upp að Þríhyrningum, austan í jöklinum. Fyrst framan af er þó ráðlegt að stefna meir til hægri upp hlíðarnar. Má þar fylgja hraunhryggjum upp í ca. 400 m hæð, eftir það er stefnan tekin á Miðpúfu, sunnanvert við Þríhyrninga. Komið er að jökulröndinni í ca. 1000 m hæð, hægt er þó að fylgja jökullausum rana upp í ca. 1100 m hæð niður frá Þríhyrningum. Ofan Þríhyrninga skal stefna vinstra megin við Miðpúfu, fyrir syðri enda á sprungu, sem oftast er sjáanleg ofan Þríhyrninga. Fara má síðasta spölinn upp á Miðpúfu hvort sem er norðan eða sunnan frá, eftir smekk.

No 2: Jökulhálsleið: Gömul leið á jökulinn suðaustan frá, gengið frá skálanum á Jökulhálsi upp á jökulinn. Leið þessi var einkum farin, meðan skálinn var upp á sitt besta. Leiðin er nokkuð jafnt aflíðandi, hentug fyrir gönguskiði á vorin.

Lofthlína: 5 km upp að skálanum, þaðan 3 km á Miðpúfu.

Lóðrétt hækkun: 1350 m.

Áætlaður göngutími (frá Stapafelli á Miðpúfu): 4-5 klst.

Lagt upp norðan í Stapafelli, sbr. leið No 1. Stefnan er þá fljótlega tekin til N, rétt vestan Náttmálahnúks (657 m). Frá Náttmálahnúk er stefnt til NV að skálanum, sem stendur uppi á litlum gíg, austan undir jöklinum. Skálinn er ekki merktur á „Atlasblaði“ No 5, en rangt staðsettur á „Aðalkorti“ No 2, þar sem hann er sýndur austan slóðarinnar upp á hálsinn, töluvert norðar og austar en hann er í raun. Frá skálanum er gengið til V að jökulröndinni í ca. 900 m hæð. Þaðan er lagt á jökulinn, farið norðan hvílfar í jöklinum, sem Hyrningsdalur nefnist, norðan Þríhyrninga. Greiðfært er hér upp að púfunum, gengið hjá Norðurpúfu á leiðinni að Miðpúfu.



Horft yfir Breiðuvík til Snæfellsjökuls og Stapafells (t.v.)

---

No 3: Ólafsvíkurleið: Gamalkunnug leið á jökulinn og líklega sú, sem oftast er farin, þegar gengið er á hann norðan frá.

Lofthlína: 10-11 km.

Lóðrétt hækkun: 1410 m.

Áætlaður göngutími: 5 klst.

Gengið er upp brekkuna ofan þorpsins austan Hvalsár. Síðan er gengið um mela og gróið land og stefnt austan Hróa. Er þá Gerðuberg haft á vinstri hönd. Má þarna hafa stuðning af gömlum slóðum, sem liggja áfram yfir Jökulháls niður að Hellnum sunnan Jökuls. Þegar komið er upp fyrir Hróa, er haldið áfram um mela og stefnt austan-hallt við Geldingafell. Þegar komið er upp fyrir Geldingafell, skal sveigt dálítið til vesturs og bein stefna tekin, upp hrygginn, á Norðurbúfu. Komið er á jökul í ca. 1000 m hæð og þaðan haldið rak-leiðis upp að N.- og Miðbúfu. Er jökullinn þarna yfirleitt greiðfær, ekki brattur og lítt eða ekki sprunginn, a.m.k. fyrri hluta sumars.

No 4: Fossdalsleið eða Rífsleið: Elsta leiðin á Snæfellsjökul. Þessa leið fóru þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson árið 1754. Mjög fáfarin.

Lofthlína eða vegalengd: 12-13 km.

Lóðrétt hækkun: 1420 m.

Áætlaður göngutími: 5-6 klst.

Gengið er frá eyðibýlinu Fossi, en það er stutt frá þjóðveginum milli Ólafsvíkur og Sands. Liggur þangað vegarspotti frá þjóðveginum. Frá Fossi er stefnt í SSA upp í Fossdal. Þar er gengið upp með ánni (Hólmkelsá), en í henni eru margir fallegir smáfossar. Í um 200 m hæð skal sveigt í suður, upp úr dalnum og stefnt austan hæðar eða

höfða, 459 m á hæð. Þaðan skal farið vestan Geldingafells og komið á Ólafsvíkurléið við jökulrönd. Þar fyrir ofan, sjá léið No 3.

No 5: Dagverðaráléið: Stutt léið upp á jökulinn sunnan frá. Hentug fjalla- (Alpa-)skíðaléið, einkum seinni hluta vetrar og að vorlagi.

Loftlína: 5 km.

Lóðrétt hækkun: 1300 m.

Áætlaður göngutími: 3-4 klst.

Beygt er út af þjóðveginum rétt vestan Dagverðarál og ekið með ánni upp að fjallsrótum, 2-3ja km léið. Þar má finna hentug tjaldstæði. Gengið er upp hrygg, sem blasir við ofan við upptök árinnar, eru hraunstraumar beggja megin hryggjarins. Brattast er fyrstu nokkur hundruð metrana upp hrygg þennan, síðan er stefnt til NNV á hábungu jökulsins. Hér sjást þó jökulþúfurnar ekki framan af, því að bunga neðarlega í jöklinum, 1100-1200 m há, skyggir á. Farið er upp yfir bungu þessa og má þar búast við sprungum, er líða tekur á sumarið. Upp frá bungunni er stefnt í skarðið milli Vesturþúfu og Miðþúfu. Þar í skarðinu gætu verið varasamar sprungur, er kemur fram á sumar. Stutt og greiðfært er úr skarðinu upp á Vesturþúfuna.

Á niðurléið má renna sér ofan af hájöklinum, austan hryggjarins upp frá Dagverðará, en vestan strýttunnar Stagfells. Er þar farið niður slakka, Seljahraun, oft skíðafæri niður undir tjaldstað.

-----

Vafalaust mætti ganga víðar á Snæfellsjökul en nú þegar hefur verið nefnt, t.d. frá Hólahólum vestan Jökuls. Væri þá gengið sunnan Hólatinda (689 m) upp á Vesturþúfu. Hér þarf aðeins að ganga skamman spöl á jökli, jökulröndin í 1200-1300 m hæð.

Rétt er að vekja athygli á snjóf- og ísklifurleiðum við gíginn, t.d. upp úr gígnum á Mið- og Vesturþúfu. Hér má finna 100-200 m langar klifurleiðir, sem Jón Eypórsson vakti þegar athygli á í árbók F.Í. 1932. Leiðir þessar hafa þó ekki enn verið farnar, svo vitað sé. Mætti segja, að þar sé eitt margra verkefna, sem bíða íslenskra fjallamanna.

Magnús Guðmundsson

Helgi Benediktsson

Arnór Guðbjartsson

Ingvar Teitsson